

Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar,
10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að
lögum.

Nr. 9/1900:

Markús Þorsteinsson
gegn
Jóhannesi Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 11. janúar þ. á., var áfrýjandi þessa máls, Markús Þorsteinsson, dæmdur til að greiða stefnda, Jóhannesi Jónssyni, sem nokkurn part eftirstöðva af umsaminni borgun fyrir að gjöra grundvöll undir hús áfrýjanda, 27 kr. 85 au. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Markús Þorsteinsson að fenginni gjafsókn áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu dagsettri 2. febr. þ. á. og krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið, þannig, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum stefnda í málinu, en stefndi dæmdur til að greiða honum kr. 55 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, og til vara, að honum verði ákveðnar skaðabætur eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, og hvernig sem málið fer, að stefndi verði dæmdur í 40 kr. málskostnað fyrir undirdómi og málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu, eins og málið eigi væri

gjafsóknarmál, þar á meðal málfutningskaup til málfutningsmanns hans. Hins vegar hefir hinn stefndi krafist, að hann verði sýknaður af hinum nýju kröfum áfrýjanda og að undirdómurinn verði staðfestur, en til vara, að sá skaði, er áfrýjandi eftir dómi óvilhallra manna hafi beðið við vanhald á samningi við stefnda, verði dreginn frá upphæð þeirri, er undirdómurinn ákveður og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr. eða annari upphæð eftir mati réttarins.

Hinn 14. marz 1898 gjörðu málsaðilar þann samning með sér, að stefndi skyldi gjöra grunn undir hús áfrýjanda fyrir samtals 252 kr. 85 aura með öllu tilleggi. Var lengd, breidd og hæð grunnsins svo og veggjabykt ákveðin í samningnum. Að afloknu verkinu skilaði stefndi grunninum, er áfrýjandi síðan lét reisa hús á, án þess, svo séð verði, að finna neitt að honum. Átti áfrýjandi að greiða 100 kr. af kaupinu, þegar búið væri að leggja tvö lög í kring, 100 kr. að verkinu búnu og eftirstöðvarnar, kr. 52,85, þegar húsið væri vátrygt. En áfrýjandi greiddi ekki síðast nefnda upphæð á ákveðnum gjalddaga og neitaði að greiða hana, af því að ýmislegt mætti finna að verkinu. Fyrst það, að grunnurinn væri ekki eins hár og um samið hafði verið, að sementið hefði verið of blandað sandi og sprunga í einu horninu á grunninum. Ennfremur heimitaði hann borgun fyrir það, að stefndi hefði tekið mestalt grjótið á sinni lóð, en þó hefði í áætlun stefnda verið gengið út frá því, að grjótið yrði aðflutt.

Hefir áfrýjandi krafist fyrir missmíði á kjallaranum 41 kr. — þar á meðal fyrir 1 tunnu af cementi 11 kr. — fyrir grjót það, sem stefndi hafi tekið á lóð áfrýjanda og notað til grunnsins kr. 37,50, og fyrir grjót, er stefndi hafi baft á burt með sér af lóð áfrýjanda, 25 kr., eða samtals 103 kr. 50. aur. Hin endilega krafa hans, að frádreginni þeirri upphæð, sem stefnda er dæmd í hinum átrýjanda dómi og öðrum pósti, er þó ekki nema 55 kr., sem áfrýjandi telur að ekki sé of rífleg.

Að því nú er fyrst snertir missmíði á kjallaranum, þá má telja það sannað, að grunnurinn hafi, að minsta kosti sumstaðar, verið lítið eitt lægri en um var samið, en úr því að áfrýjandi lét reisa húsið á þessum grunni án þess að heimta af stefnda, að hann bætti úr þessum galla, og án þess, svo séð verði, að áfrýjandi hafi látið bæta úr honum, þá verður ekki séð, að hann eftir á geti heimtað neinar bætur hjá stefnda fyrir þetta, úr því hann engu kostaði til. Að aðrir gallar hafi verið á grunninum virðist ekki nægilega saunað. Í samningnum er ekkert ákveðið um, hve mikið sement skuli brúka í grunninn, og þar sem áfrýjandi hefir haldið því fram, að cementið hafi verið of blandað sandi, þá er það alls ekki sannað; því þótt vitni hafi borið, að cement það, sem hingað venjulega flyzt, megi ekki blanda með sandi nema að $\frac{2}{3}$ hlutum, þá er ekkert fram komið um það, að það cement, sem stefndi notaði hafi verið at því tægi, heldur öllu fremur miklar líkur til þess, að cementið hafi verið langtum

betri tegund en hingað venjulega flyzt. Samkvæmt framanskrifudu verður það ekki álitid, að áfrýjandi eigi heimting á neinum bóttum fyrir missmíði á grunninum, né heldur fyrir vantandi cement í hann.

Að því er kemur til þeirra 37 kr. 50 au., sem áfrýjandi krefst fyrir grjót það, tekið á hans lóð, sem stefndi notaði í grunninn, þá er ekki gegn neitun stefnda komin fram nein sönnun fyrir því, að áfrýjandi geti heimtað frekari borgun fyrir grjótið en stefndi hefir boðist til að greiða, sem sé 10 kr. Á hinn bóginn þykir ekki sannað, að það sé venja meðal steinsmíða, að hirða það grjót og nota í eigin þarfir, sem þeir taka upp á þess lóð, er þeir byggja fyrir, en afgangs verður, og þykir því rétt, að stefndi borgi áfrýjanda það grjót, sem hann flutti burt af lóð áfrýjanda og sem í hinum áfrýjanda dómi virðist hæfilega metið 10 kr.

Bætur þær, sem áfrýjandi á heimting á, eru þannig: 10 kr. fyrir grjót, sem stefndi tók á lóð áfrýjanda og notaði í grunninn undir hús hans, 10 kr. fyrir grjót, sem stefndi flutti burt af lóð áfrýjanda og hagnýtti sér, og fyrir aðgjörð á 2 stólum 5 kr., eða samtals 25 kr., og þegar þær eru dregnar frá þeim 52 kr. 85 au., sem stefndi átti ógreiddar hjá áfrýjanda fyrir að gjöra grunninn undir hús hans, verða eftir 27 kr. 85 au., sem áfrýjanda ber að borga stefnda, og er það einmitt sú upphæð, sem bæjarþingsdómurinn hefir gjört áfrýjanda að greiða, og ber því, með því að

yfirdómurinn einnig felst á ákvæði hans um málskostnað, að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum mega falla niður. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda, sem fengið hefir gjafsókn í málinu, verða samkvæmt þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflytningu.

Að því málið hefir verið sótt með gjafsókn vottast, að rekstur þess hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. júlímánaðar.

Nr. 47/1899:

Þorvaldur Friðriksson
gegn

Birni Stefánssyni.

D ó m u r:

Samkvæmt áritun hlutaðeigandi stefnuvotta á yfirdómsstefnuna hefir téð stefna verið birt 2. febr. þ. á. í húsi Björns snikkara Stefánssonar á Sauðárkróki, þar er hann síðast átti lögheimili hér í sýslu (ö: Skagafjarðarsýslu). Jafnframt er þess getið í vottorðinu, að stefndi sé fyrir rúmu missiri farinn þaðan, líklega til Ameríku. Að öðru leyti er þess eigi getið, fyrir hverjum stefnan hafi ver-